

Tillaga til þingsályktunar

um kjötrækt.

Flm.: Björn Leví Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að kanna stöðu kjötræktar og skipuleggja aðgerðaáætlun um innleiðingu tækni fyrir íslenskan landbúnað með það að markmiði að flýta fyrir því að kjötrækt verði samkeppnishæf við afurðir af hefðbundinni veiði eða ræktun dýra til manneldis.

Samantekt um stöðu kjötræktar liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2017 og ráðherra leggi fram tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda hvað varðar kjötrækt eigi síðar en 1. mars 2018.

Greinargerð.

Kjötrækt er aðferð til þess að búa til kjöt án þess að slátra þurfi dýri. Hugmyndin hefur verið til síðan 1912 þegar Alexis Carrel tókst að halda frumum úr hjarta kjúklings á lífi í 34 ár utan líkama lifandi lífveru. Winston Churchill spáði því árið 1931 að innan 50 ára yrðum við laus við þann fátánleika að þurfa að rækta heilan kjúkling til þess að borða bara læri eða bringu. Árið 1995 samþykkti matvælastofnun Bandaríkjanna (FDA) tilraunir til að rækta kjöt með það að markmiði að matur yrði ekki vandamál í löngum geimferðum.

Helsti kostur þess að rækta kjöt umfram dýrarækt til manneldis eru umhverfisáhrifin og, þótt það eigi síður við á Íslandi, að ekki þarf að nota sýklalyf í kjötrækt. Viðamiklar rannsóknir hafa verið gerðar á umhverfisáhrifum kjötræktar. Kjötrækt sendir 78–96% minna af gróðurhúsalofttegundum frá sér en hefðbundin dýrarækt, notar 99% minna landrymi og 82–96% minna af vatni. Einungis fuglarækt notaði minni orku, annars þarf kjötrækt 7–45% minni orku en hefðbundin dýrarækt.

Á eftirfarandi slóð má sjá súlurit sem sýnir umhverfisáhrif af framleiðslu nautakjöts, kindakjöts, svínakjöts, alifuglakjöts og ræktaðs kjöts skipt eftir því hvort áhrifin felast í orku- notkun, losun gróðurhúsalofttegunda, landnotkun eða vatnsnotkun:

<http://pubs.acs.org/doi/abs/10.1021/es200130u>

Óháð því hvað Ísland gerir til þess að undirbúa tilkomu þessarar tækni til matvælaframleiðslu mun hérlendis þurfa að glíma við þær breytingar sem kjötrækt hefur á neysluvenjur. Þó að eftirspurn eftir kjöti úr dýrum hverfi örugglega ekki minnkar hún líklega mjög, þó ekki sé nema vegna umhverfisáhrifanna. Það hefur mögulega veruleg áhrif á landbúnað og sjávarútveg á Íslandi sem og annars staðar í heiminum. Því er mjög brýnt að Ísland sé undirbúið fyrir þessar tækni framfarir, bæði með aðgerðaáætlun og lögum.